

Námsvísir

10. bekkur

2024 – 2025



**MEÐ OPNUM HUG
OG GLEÐI Í HJARTA**

Menntastefna Reykjanesbæjar, Með opnum hug og gleði í hjarta, var höfð til hliðsjónar við gerð námsvísa skólans. Í henni eru þrjú leiðarljós sem eiga að einkenna allt starf með börnum í Reykjanesbæ, þau eru:



Einnig eru fimm stefnuáherslur sem eru:



Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar árgangsins eru Daníella H. Gísladóttir og Eygló Pétursdóttir. Nemendur eru 51 talsins. Nemendur eru 30 kennslustundir á viku í skólanum.

Námsmat

Námsmat fer fram yfir allt skólaárið og tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum námsgreinum. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

★	Framúrskarandi
✓	Hæfni náð
◇	Á góðri leið
○	Þarfnast þjálfunar
✗	Hæfni ekki náð

Hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið er eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið.

Komið er til móts við þarfir nemenda með ýmsum hættir. Þeir nemendur sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem kennarar hafa sett í samráði við foreldra.

Menntagildi og meginmarkmið íslensku

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Íslenskukennslu er í meginatriðum skipt upp í fjóra flokka: talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Í lýðræðisþjóðfélagi er mikilvægt að geta tekið virkan þátt í ýmis konar umræðum, flutt mál sitt af öryggi, hlustað af athygli og skilið og greint þær upplýsingar sem fyrir augum og eyrum ber. Lestur er undirstaða í öllu námi og öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Kröfur samfélagsins til lestrarfærni hafa breyst mikið á undanförunum árum. Mikilvægt er að nemendur hafi náð góðum lestrarhraða en ekki síður að þeir hafi góðan lesskilning og séu gagnrýnir á þann texta sem lesinn er. Leitast er við að auka leshraða, lesskilning, almennan lestraráhuga og þekkingu á íslenskum bókmenntaarfi með lestri margs konar bókmenntaverka og ritaðra texta. Lestur og ritun tengjast óhjákvæmilega. Tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Til þess að nemendur geti tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi þurfa þeir bæði að beina sjónum sínum að sjálfum textanum og efni hans. Gæta skal að skipulagi, málsniði, stíl, einnig tæknilegum atriðum eins og skrift, stafsetningu, uppsetningu og frágangi. Nemendur þurfa bæði að geta sett efni sitt fram skriflega og með stafrænum miðlum. Í málfræði nýta nemendur þá þekkingu sem þeir hafa þegar öðlast í yngri bekkjum og byggja ofan á hana. Markmið málfræðikennslunnar er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á tungumálinu.

Hæfniviðmið

Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.• Nýtt sér aðferðir sem hann hefur lært til að tjá skoðanir sínar, rökstutt þær og tekið afstöðu til málefna í samfélagsumræðu.• Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt.• Tekið virkan þátt í hópverkefni og samvinnu og borið virðingu fyrir skoðunum annarra.• Notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram rökstutt mat á viðkomandi efni.
Lestur og bókmenntir	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• Lesið Íslendingasögu með góðum skilningi og túlkun, lagt mat á hana og greint frá aðal- og aukapersónum.• Lesið spennusögu með góðum skilningi og túlkun, lagt mat á hana og greint frá aðal- og aukaatriðum.• Lesið skáldsögu með góðum skilningi og túlkun, lagt mat á hana og greint frá aðal- og aukaatriðum.• Gert sér grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.

	<ul style="list-style-type: none"> • Greint og skilið grunnhugtök í bókmenntafræði, svo sem söguvið, tíma, sjónarhorn, persónur og viðfangsefni. • Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa. • Lesið og túlkað ljóð frá ýmsum tímum. • Greint og skilið algeng hugtök í bragfræði og lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga. • Greint og skilið helstu strauma og stefnur í íslenskum bókmenntum. • Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnagrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess.
Ritun	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær. • Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. • Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli. • Beitt reglum um rétttritun og hefur náð góðu valdi á stafsetningu. • Samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun. • Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.
Málfræði	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áttað sig á einkennum orðhluta og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. • Áttað sig á einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. • Beitt helstu málfræðihugtökum og getur nýtt sér orðabækur og önnur hjálpargögn. • Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni. • Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt. • Áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það meðal annars við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap. • Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt

	<p>þekkingu sína í íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.</p> <ul style="list-style-type: none">• Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hægt sé að nýta þá í námi.
--	---

Kennsluhættir

Í íslenskunámi í 10. bekk er mikil áhersla lögð á að nemendur sýni sjálfstæði og beri ábyrgð á eigin námi. Nemendur nota spjaldtölvur í námi sínu sem eflir nýtingu miðla og auðveldar þjálfun í því að leita upplýsinga og meta gildi þeirra. Kennt verður í námslotum þar sem fengist er við ákveðið viðfangsefni í afmarkaðan tíma og í upphafi hverrar lotu fá nemendur yfirlit yfir markmið hennar, verkefnalýsingu og skipulag. Í forritinu Onenote og í lotum á Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Námsgögn

Málfræðihefti frá kennara, Vertu ósýnilegur, Gísla saga Súrssonar, Mýrin, Tvískinna, Mér er í mun, Logar og ýmis önnur verkefni frá kennara.

Námsmat

Í íslensku í 10. bekk er símat, nemendur fara ekki í eitt stórt lokapróf heldur byggir lokanámsmatið á fjölbreyttu námsmati yfir skólaárið, t.a.m. para- og hópverkefni, skrifleg próf, heimaverkefni og gagnapróf.

Kennari

Daníella H. Gísladóttir

Menntagildi og meginmarkmið í stærðfræði

Hæfni í stærðfræði er forsenda læsis og sköpunar á flestum sviðum tækni, fræða og verkmenningar. Hún styður fólk til að taka ígrundaðar ákvarðanir í daglegu lífi, sem hafa áhrif á heilbrigði og velferð og að taka virkan þátt í lýðræðissamfélagi sem er í stöðugri þróun. Við notum til dæmis tölur og reikniaðgerðir til að eiga í samskiptum, skipuleggja, draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um framleiðslu og neyslu og stuðlum þannig að sjálfbærni. Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Samfélag okkar og nýsköpun innan þess einkennist af kerfum sem byggjast á nýtingu stærðfræðinnar, t.d. kosningakerfi, upplýsingar á netinu, staðsetningarkerfi, farsímar, veðurspár, tölvuleikir, teiknimyndir og fleira. Stærðfræði er alþjóðlegt tungumál og verkfæri til að miðla upplýsingum og hugmyndum og vinna úr þeim. Með þrautalausnum þróa nemendur með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni og ígrunda ólíkar aðferðir sem nýtast við lausnir þeirra og mat á niðurstöðum. Mikilvægt er að nemendur geti talað saman um stærðfræði, notað tungumál og hugtök hennar og fært rök fyrir máli sínu. Góð kunnátta í stærðfræði getur stuðlað að gagnrýnni hugsun og aukinni ábyrgð nemenda í daglegu lífi, m.a. hvað varðar ákvarðanir um eigin fjármál og neyslu.

Hæfniviðmið

Að geta spurt og svarað með stærðfræði	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• útskýrt hugsun sína fyrir öðrum, leitað lausna og sett viðfangsefni fram á fjölbreyttan stærðfræðilegan hátt, með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdafærslu,• sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön á skýran hátt.
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt, af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni.
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins,• undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni,• unnið í samvinnu við aðra að, lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna á gagnrýnin hátt,• unnið skipulega að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur, finna lausnir og alhæfa um hvers kyns viðfangsefni með hjálp stærðfræðinnar.
Tölur og reikningur	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• reiknað og einfaldað almenn brot,• útbúið launaseðil og útskýrt hugtök sem tengjast honum,• útbúið fjárhagsáætlun og haldið bókahald í töflureikni,• þekkt hugtökin sparnaður og lán og geti nýtt sér reiknireglur tengdar þeim.
Algebra	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• leyst einfaldar jöfnur,• leyst jöfnuhneppi með innsetningar- og samlagningaraðferð,• umritað formúlur,• nýtt sér bókstafareikning með almennum brotum,• þáttað og einfaldað almenn brot,• reiknað brotabrot,• einfaldað stæður með svigum,• leyst jöfnur með núllreglu,• þáttað og einfaldað stæður,• leyst ójöfnur.
Rúmfræði og mælingar	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• skilið og notað mælikvarða á margvíslegan hátt,

	<ul style="list-style-type: none"> • þekkt einsalaga form og fundið lengdir á óþekktum stærðum, • útskýrt setningu Pýþagórasar og beitt henni í margvíslegu samhengi, • beitt helstu hornareglum og nýtt þær við að finna óþekktar hornastærðir, • þekkt einkenni jöfnu beinnar línu, • þekkt einkenni annars stigs falla, • geti lýst annars stigs föllum, fundið samhverfuása og botn-/topppunkt þeirra, • þekkt muninn á réttu og öfugu hlutfalli, geti fundið fallstæðu og nýtt öfugt hlutfall í samhengi daglegs lífs.
Tölfræði og líkindi	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæmt og dregið ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar, • geti reiknað líkur og skráð á réttan hátt. • Notað líkindahugtök og talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.

Kennsluhættir

Í stærðfræðinámi er lögð mikil áhersla á að nemendur sýni sjálfstæði og beri ábyrgð á eigin námi. Í því felst meðal annars að þeir afli sér upplýsinga af veraldarvefnum og í námslotum í OneNote í formi myndbanda og leiðarþókarfærslna. Í kennslustundum er lögð áhersla á samvinnu nemenda við að leysa þrautir og verkefni ásamt því eru þeir þjálfaðir í að ígrunda og rökræða þar sem hugtök stærðfræðinnar eru höfð að leiðarljósi. Nemendur nota spjaldtölvur í námi sínu og munu möguleikar hennar vera nýttir sem frekast getur. Kennnt verður í lotum þar sem fengist er við ákveðna námsþætti í afmarkaðan tíma. Í upphafi lotu fá nemendur yfirlit yfir markmið hennar og skipulag ásamt nánari lýsingu á tilhögun þeirra verkefna sem nemendur fást við.

Námsgögn

Skali 3A og 3B, Átta tíu-5 og 6, kennslumyndbönd, Vinkill, ýmis gögn, vefmiðlar og fl.

Námsmat

Eftir hverja lotu fer fram námsmat og leitast er eftir því að hafa það fjölbreytt má þar nefna para/hópverkefni, skýrslugerð, munnlegt próf, skrifleg próf, heimapróf og próf með gögnum.

Kennari

Þóra Guðrún Einarsdóttir

Menntagildi og meginmarkmið náttúrufræði

Hæfni í náttúruvísindum felst í þekkingu og leikni, einnig í viðhorfi til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Námið í náttúrufræði á að stuðla að þekkingu, virðingu,

ábyrgð og einstakri upplifun nemandans gagnvart náttúru, tækni, samfélagi og umhverfi. Unnið er að því að nemendur öðlist hæfni sem til þarf til að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er varða tengsl fólks og náttúru. Nemendur fá tækifæri til að veiti umhverfi sínu gaum, bera umhyggju fyrir því og læra að greina aðstæður hverju sinni. Það er veigamikill þáttur í þroska og menntun unglinga að þau hljóti skilning á náttúruvísindum og hlutverki þeirra innan nútímasamfélags. Áhersla er lögð á að viðhalda og efla forvitni og áhuga nemenda á þeim sjálfum, umhverfi sínu og fyrirbærum náttúrunnar.

Hæfniviðmið

<p>Vinnubrögð og færni</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður. • Lesið þyngri náttúruvísindatexta sér til gagns, endursagt og rætt helstu atriði. • Lesið út úr myndritum og myndefni um náttúrufræði sér til gagns, umorðað, túlkað og sett í margvíslegt samhengi. • Framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá athugunum og mælingum úti og inni, samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum. • Kynnt niðurstöður rannsókna, tekið þátt í gagnrýnum umræðum og metið gildi þess að vísindalegum upplýsingum sé miðlað á skýran hátt. • Sett fram vísindalega tilgátu og beitt margvíslegum vísindalegum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingarleit og úrvinnslu verkefna.
<p>Ábyrgð á umhverfinu</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lýst hringrás efna og orku, náttúrulegum ferlum og flæði orku í náttúrunni. • Útskýrt þarfir lífvera og rætt á gagnrýninn hátt mikilvægi lífbreytileika og áhrifum hans á þróun ólíkra vistkerfa. • Rætt á gagnrýnin hátt tengsl einstaklinga, nærumhverfis og umhverfismála á jörðinni. • Tekið þátt í eða skipulagt aðgerðir er varða náttúruvernd og umhverfismál.
<p>Að búa á jörðinni</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fjallað um þróun lífvera og tekið dæmi um hvernig lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu.
<p>Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekkt uppbyggingu, frumeinda og sameinda og myndun jóna. • Útskýrt varðveislu massa, tengt við hegðun efna og frumukeninguna. • Útskýrt uppbyggingu, lotukerfisins og tengt við eiginleika efna.

- Þekkt heiti frumefna og efnasambanda og unnið með þau í efnajöfnum.
- Gert grein fyrir orku í mismunandi formum og tengt við varðveislu orkunnar.
- Lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku.
- Útskýrt mismunandi varmaflutning og samspil varma og hitastigs.
- Útskýrt stöðurafmagn og tengsl rafmagns og seglumagns.
- Útskýrt einfaldar rafrásir.
- Útskýrt helstu kraftalögmál sem verka í daglegu lífi manna.
- Útskýrt muninn á massa og þyngd.

Kennsluhættir

Kennsla í náttúruvísindum fer jöfnum höndum fram innan- og utandyra og miðað að því að nemendur þrói með sér góðan orðaforða og jákvætt hugarfar til námsgreinarinnar og því sé viðhaldið. Nemendur fá tækifæri til að styrkja verklega færni sína, upplifa, skoða náttúrna og umhverfið og læra að veita því athygli. Afla upplýsinga úr heimildum og athugunum, vinna úr þeim, miðla upplýsum og treysta á forvitni sína til að það takist. Nemendur fá þjálfun í að tileinka sér góð vinnubrögð, vinnuaðferðir og að greina skipulega frá niðurstöðum vinnu sinnar. Nemendum er kennt að verða vísindalæsir, að þeir geti lesið texta úr náttúruvísindum sér til gagns, notað hugtök náttúruvísinda í daglegu tali, skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri og nýtt skilning sinn til að bæta heiminn í kringum sig.

Mikil áhersla er lögð á að nemendur sýni sjálfstæði og beri ábyrgð á eigin námi. Nemendur vinna í spjaldtölvum og skólaárinu er skipt niður í lotur og í upphafi hverrar lotu fá nemendur yfirlit yfir markmið og skipulag.

Námsgögn

Mannlíkaminn, Maður og náttúra, Eðlisfræði 1, Fávitar, ýmis gögn, vefsíður o.fl.

Námsmat

Námsmat fer fram í hverri lotu og reynt að hafa það eins fjölbreytt og kostur er til að mynda með einstaklingsverkefnum, para/hópverkefni og könnunum með gögnum.

Kennari

Hildur Sigfúsdóttir

Menntagildi og meginmarkmið samfélagsfræði

Samfélagsfræði fjallar um samfélög og menningu á gagnrýninn og upplýsandi hátt. Nauðsynlegt er að fræða nemendur um jafnrétti, mannréttindi, umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Efla þarf hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum og mynda ný tengsl við breytilegar aðstæður einnig að nemendur tileinki

sér réttisýni, ábyrgð og gildismat sem byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra. Undir samfélagsfræði fellur saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Hver þáttur gegnir ákveðnu hlutverki sem eiga það allir sameiginlegt að víkka reynslu-, hugar- og félagsheim nemenda. Markmið samfélagsfræði er að stuðla að skilningi á grundvallarviðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu.

Hæfniviðmið

Reynsluheimur	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sýnt fram á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. • Skilið og velt fyrir sér samhengi samfélags, stjórn mála, trúarbragða og lífsviðhorfa á ýmsum stöðum og tímum. • Fjallað um stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu í ljósi breytilegrar menningar og lífsviðhorfa. • Aflað sér upplýsinga um samfélagsmálefni og nýtt sér þær í samræðum og/eða texta. • Rökrætt mikilvæg hugtök sem notuð eru um menningu og samfélagsleg málefni • Geri sér grein fyrir hlutverki heimilda og geti sýnt fram á þekkingu á ýmis tímabil og þróunarferla. • Geti gefið skýringar á og rætt um þróun íslensks þjóðfélags og greint hvernig sagan hefur mótast. • Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðfræði. • Sýnt fram á læsi á frásagnir , hefðir og hátíðir • Geri sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna á mismunandi menningarsvæðum. • Geti rökrætt tengsl velferðarsamfélagsins við stjórn mála og atvinnulíf. • Geti tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.
Hugarheimur	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra og útskýrt hvernig sjálfmynd hans hefur mótast af umhverfi og aðstæðum. • Rökrætt gildi jákvæðra lífsviðhorfa og gildismats. • Beitt hugtökum um kyn, kynhneigð og kynhlutverk. • Geri sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum • Skilið og gert sér grein fyrir áhrifum fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfmyndar. • Geti sett sig í spor annars fólks með ólíkan bakgrunn
Félagsheimur	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi • Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks. Borið virðingu fyrir frelsi og lífsgildum annarra. • Brugðist við skoðunum annarra á fordómalausan hátt.

	<ul style="list-style-type: none">• Séð og unnið með samfélagsleg og siðfræðileg málefni frá mismunandi sjónarhólum.• Rökrætt stöðu sína, réttindi og skyldur í þjóðfélaginu og tengsl við alþjóðasamfélagið.• Þekki almenn mannréttindi og geti rökrætt gildi jafnréttis.• Sýnt sjálfsaga og virðingu í mannlegum samskiptum við ólíka einstaklinga.• Útskýrt gildi reglna í samfélaginu í samskiptum fjölskyldu eða vinahóps.
--	---

Kennsluhættir

Í samfélagsfræði í 10.bekk er mikil áhersla lögð á að nemendur sýni sjálfstæði og beri eigin ábyrgð á námi. Nemendur nota spjaldtölvur í námi sínu sem eflir nýtingu miðla og auðveldar þjálfun í því að leita upplýsinga og meta gildi þeirra. Kennt verður í námslotum þar sem fengist er við ákveðið viðfangsefni í afmarkaðan tíma og í upphafi hverrar lotu fá nemendur yfirlit yfir markmið hennar, verkefnalýsingu og skipulag. Í forritinu Onenote og í lotum á Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Námsgögn

Á ferð um samfélagið, Styrjaldir og kreppa og ýmis önnur verkefni frá kennara.

Námsmat

Í samfélagsfræði í 10.bekk er fjölbreytt námsmat sem byggir á símati. Lokamat byggir á einstaklings-, para- og hópverkefnum yfir skólaárið.

Kennarar

Daníella Gísladóttir og Eygló Pétursdóttir

Menntagildi og meginmarkmið ensku

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunafroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lífnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu.

Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að

stærstum hluta á ensku. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum.

Í tungumálanáminu eiga nemendur að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið.

Hæfniviðmið

Hlustun	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. • Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr. • Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.
Lesskilningur	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu. • Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt. • Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.
Samskipti	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í. • Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.
Frásögn	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum. • Flutt stutta frásögn eða kynningu og undirbúið efni með nokkra puncta sér til stuðnings og af nokkru öryggi. • Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

	<ul style="list-style-type: none"> • Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.
Ritun	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. • Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við. • Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. • Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.
Menningarläsi	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni. • Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma. • Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins.
Námshæfni	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða. • Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf. • Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi. • Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja. • Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni. • Geti þýtt enskan texta yfir á íslensku þannig að úr verði vel læsilegur texti á íslensku. • Kunna að beygja og nota sagnir í ensku • Kann og getur nýtt sér ýmsar málfræðireglur

Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á fjölbreytta kennsluhætti þar sem nemendur fá tækifæri að sýna hæfni sína á fjölbreyttan hátt þar á meðal er hlustun, frásögn, ritun, stuttmyndagerð og ýmis verkefnavinna.

Námsgögn

Verkefni frá kennara eru byggð á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

- Spotlight 10 lesbók,
- Spotlight 10 vinnubók,
- Hunger games lesbók og vinnubók,
- Touching the void
- Kvikmyndin The green mile
- Ýmis myndbönd, tónlist, fréttæfni og önnur verkefni frá kennara.

Námsmat

Símat sem byggir á fjölbreyttum verkefnum, umræðum og prófum ásamt leiðsagnarmati í formi munnlegra og skriflegra leiðbeininga og endurgjafa frá kennara jafnt og þétt yfir skólaárið.

Kennari

Esther Inga Níelsdóttir

Menntagildi og meginmarkmið dönsku

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna dyr að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lífnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Tilgangurinn með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Góð kunnátta í einu norrænu tungumáli er lykill að hvaða svæði sem er á Norðurlöndunum og greiðir fyrir öllum samskiptum.

Með tungumálanámi er stefnt að því að nemendur öðlist hæfni til að nota tungumálið sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Stefnt er að því að nemendur nái að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum. Mikilvægt er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, setji sér markmið og meti eigin námsframvindu.

Dönskukennslu er skipt í 7 flokka: hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarlæsi og námshæfni. Til þess að tungumál nýtist sem best er mikilvægt að skilja talað mál og geta fylgt meginþræði í einföldum frásögnum. Nemendur verða einnig að geta lesið sér til gagns og ánægju einfalda texta af ýmsum gerðum og beitt til þess margvíslegum lestraraðferðum allt eftir eðli og tilgangi textans. Stefnt er að því að nemendur öðlist færni í að nota málið vandræðalaust í frásögnum og samskiptum

þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota tungumálið á skapandi hátt í bæði töluðu og skrifuðu máli. Ætlast er til að nemendur sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og séu duglegir að nýta sér hjálpargögn þegar það á við.

Hæfniviðmið

Hlustun	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt, • fylgst með aðgengilegu efni í fjölmiðlum og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr, • hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim,
Lesskilningur	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið sér til gagns, ánægju og þroska skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðun á efni þeirra, • aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu, • lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt, • nýtt sér miðla og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum,
Samskipti	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í, • tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestjafi eða í netsamskiptum, • tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda, • unnið í samvinnu við aðra, • nýtt sér danskan framburð, áherslur og hrynjanda í samræðum.
Frásögn	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjáð sig skipulega með undirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum, • flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi, • samið, æft og flutt frumsamið efni einn eða í félagi við aðra, • notað markvisst algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig lipurlega og áheyrilega um málefni sem hann þekkir

	<ul style="list-style-type: none"> • beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í þeirri vinnu sem tengist tjáningu,
Ritun	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu, • leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín, • skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við, • skrifað samfelldan texta um efni sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar. • beitt gagnrýnni hugsun við nýtingu miðla og upplýsinga, • unnið sjálfstætt og verið skapandi í þeirri vinnu sem fram fer,
Menningarläsi	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska og færeyska, • sýnt fram á að hann þekkir til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum, • nýtt sér mismunandi miðla til að afla sér upplýsinga,
Námshæfni	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða, • beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf, • nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi, • unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja, • nýtt sér ýmis hjálpartæki s.s. ítarefni, orðasöfn eða orðabækur,
Orðaforði og málfræði	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tileinkað sér fjölbreyttan orðaforða, • þekkt helstu einkenni danskra sagna, • nýtt sér danskar sagnir á réttan hátt í texta.

Kennsluhættir

Í dönskunámi í 10. bekk er mikil áhersla lögð á að nemendur sýni sjálfstæði og beri ábyrgð á eigin námi. Nemendur nota spjaldtölvur í námi sínu sem bíður upp á fjölbreyttari leiðir til náms og auðveldar þjálfun í notkun orðabóka og upplýsingaleit. Kennit verður í námslotum þar sem fengist er við ákveðið viðfangsefni í afmarkaðan

tíma og í upphafi hvernar lotu fá nemendur yfirlit yfir markmið hennar, verkefnalýsingu og skipulag. Í forritinu Onenote og í lotum á Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Námsgögn

Smil lesbók og vinnubók A, Ekko lesbók og vinnubók A og B, léttlestrarbækur úr Koldt blod bókaflokknum, bíómyndir, stuttmyndir, tónlist, The rain sjónvarpsþættir og ítarefni frá kennara.

Námsmat

Í dönsku í 10. bekk er símat, nemendur fara ekki í eitt stórt lokapróf heldur byggir heildarnámsmatið á fjölbreyttu námsmati yfir skólaárið, t.a.m. para- og hópverkefni, skrifleg próf, heimaverkefni, gagnapróf, hlustunarpróf, munnleg próf o.fl.

Kennari

Eygló Pétursdóttir

Menntagildi og meginmarkmið skólaíþróttar

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja skal áherslu á eru: hreyfing, jákvæð sjálfsmynd, næring, hvíld, andleg vellíðan, skapandi hugsun, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Því skal skólastarf skipulagt til að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda. Með samtengingu námsþátta í skólaíþróttum við aðrar námsgreinar og í skólastarfinu öllu skapast möguleikar til að fá fram jákvæðan skólabrag og það heilsueflandi umhverfi sem til þarf. Til þess að efla jákvæðan skólabrag í Heiðarskóla þá erum við með útivistarviku, íþróttaviku og Heiðarleika.

Skólaíþróttir eru mikilvæg námsgrein til að skapa börnum og ungmönnum aðstæður til heilbrigðra lífshátta, efla færni þeirra í samskiptum, auka þrek, styrkja ákvarðanatöku, kenna markmiðasetningu og streitustjórnun. Íþróttir eru vel til þess fallnar að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Aukin sundfærni styrkir sjálfsmynd og eykur sjálföryggi einstaklingsins. Það mikilvægasta er þó gleðin og löngunin til að taka þátt og hreyfa sig meira. Með því að glíma við ögrandi verkefni lærist að þjálfun og ástundun gefur árangur jafnt í íþróttum sem öðru námi.

Í skólaíþróttum eru lykilþættirnir sjálfstæði, samvinna og ábyrgð og mat á eigin námi þjálfaðir.

Hæfniviðmið

Nemandi getur:

- Synt 600m án þess að stoppa, frjáls undaðferð
- Synt 100m á tíma, velja undaðferð
- Synt 12,5m kafsund

- Synt baksund 25m
- Synt bringusund 50m
- Synt skriðsund 50m
- Stungið sér af bakka
- Troðið marvaða í lóðréttri stöðu í 60 sek
- Synt björgunarsund með jafningja 25m
- Útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og hinum ýmsu íþróttum
- Farið eftir leikreglum í hóp og einstaklingsíþrótt
- Gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol
- Sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu
- Farið eftir fyrirmælum
- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum
- Tekið þátt í stöðluðum prófum
- Skilið mikilvægi góðrar ástundunar
- Sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt. Gert eigin þjálfunaráætlun
- Sótt og nýtt sér upplýsingar við ahliða heilsurækt og mat á eigin heilsu

Kennsluhættir

Reynt er að nálgast námsmarkmiðin og örva þroskapættina gegnum fjölbreytta leiki, frjálsan leik og leikæfingar.

Námsgögn

Áhöld og tæki sem eru til í íþróttahúsi sem og útisvæði á skólalóð Heiðarskóla og nærumhverfið.

Námsmat

Hæfniviðmið eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið í íþrótt- og sundtímum. Nemendur þurfa að ná 60% virknimætingu í íþróttir/sund til að fá bókstaf í lokaeinkunn.

Kennarar

Ási Þórhallsson, Skúli Sigurðsson og Sveinn Þór Steingrímsson